

GJALDSKRÁ

fyrir símatelex og stöðvartelelex

(Söluskattur er ekki innifalinn)

1. Símatelex.

1.1. Gjald fyrir sendingu.

- 1.1.1 Grunnjald fyrir hvert sent telex kr. 80,00.
- 1.1.2 Afgreiðslugjald fyrir hverja mínútu í sendingu telex frá kl. 8.00 til 21.00 kr. 40,00.
- 1.1.3 Mínútagjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.

1.2 Gjald fyrir móttöku.

- 1.2.1 Símnafni á ári kr. 260,00.
- 1.2.2 Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 350,00.
- 1.2.3 Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 80,00.

2. Stöðvartelelex.

2.1. Gjald fyrir sendingu.

- 2.1.1 Grunnjald fyrir hvert sent telex kr. 80,00.
- 2.1.2 Mínútagjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
- 2.1.3 Aðstoðargjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex kr. 30,00.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti, svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og tekur gildi við birtingu.

Samgönguráðuneytið, 16. janúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 82 2. febrúar 1978, um löndun á loðnu til bræðslu, frystingar og hrognatöku.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skip, sem landa loðnu til hrognatöku, skulu undanþegin reglum um löndunarröð samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 27. desember 1973. Skipstjóri veiðiskips skal tilkynna afla til loðnunefndar samkvæmt ákvæðum laganna og geta sérstaklega ef afla skal landað til hrognatöku.

Vinnslustöðvar, sem taka loðnuhrogn til vinnslu, skulu undanþegnar reglum um löndunarröð samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 27. desember 1973 varðandi loðnu, sem nýtt er til hrognatöku. Stjórnendur verksmiðja skulu tilkynna til loðnunefndar um þróarrými samkvæmt ákvæðum laganna fyrir loðnu, sem ekki er nýtt til hrognatöku.

Stjórnendur vinnslustöðva og útgerðarmenn loðnuskipa skulu fyrir lok janúar gera loðnunefnd grein fyrir hvernig þessir aðilar hyggist standa að tilhögun veiða á loðnu til hrognatöku og vinnslu þeirra.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar skulu sæta viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, sbr. lög nr. 98 31. desember 1974.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, sbr. lög nr. 98 31. desember 1974, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. janúar 1984.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Selfoss-
hreppi og ráðstöfun atvinnuleyfa, nr. 81 11. maí 1967.**

1. gr.

Yfirskrift reglugerðarinnar verði þannig:

Reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Selfosskaupstað og ráðstöfun atvinnuleyfa.

2. gr.

1. málsg. 1. gr. orðist þannig:

Tala allt að átta farþega leigubifreiða til mannflutninga í Selfosskaupstað skal vera miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórufélagsins Faxe á Selfossi, þannig að ein bifreið komi á hverja 500 íbúa sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands. Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 500 íbúa, skal ekki veita ný leyfi vegna fjölgunar íbúa, nema eitt fyrir hverja 500 íbúa.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. janúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.